



Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 5. janúar 2022
Tilv.: SRN22010013/4.17

Ráðuneytinu hefur borist erindi Skipulagsstofnunar þar sem erindi Dalabyggðar um staðfestingu breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi vindorkuver að Sólheimum og Hróðnýjarstöðum er vísað til ákvörðunar ráðherra samkvæmt 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fylgir erindið hjálagt ásamt fylgiskjöllum. Telur Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem efni og framsetning hennar samræmist ekki lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en ákvörðun er tekin. Með vísan til þessa er erindi Skipulagsstofnunar því sent Dalabyggð og óskað umsagnar sveitarfélagsins. Er þess farið á leit að umsögn sveitarfélagsins berist ráðuneytinu eigi síðar en þann **17. janúar nk.**

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Brynjólfur Hjartarson